

20. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 20. september 2011, kl. 13.00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Helgi Jóhannsson formaður, Hildur Ösp Gylfadóttir, Jónína Magnúsdóttir, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Valgerður Ósk Einarsdóttir fulltrúi kennara, Linda Ósk Birgisdóttir fulltrúi nemenda, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna, sérstaklega nýja fulltrúa kennara, nemenda og foreldra.

## **Dagskrá:**

### **1. Samþykkt fundargerðar síðasta skólanefndarfundar**

Formaður bar fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

### **2. Skólabyrjun**

Skólameistari upplýsti að skólastarf hefði farið vel af stað. Nemendafélagið var seint í gang og nýnemadagur hefur ekki verið haldinn enn sem komið er. En nú hefur verið kjörið í stjórn og eru nemendur áhugasamir.

#### **2.1 Nemendafjöldi**

Nú á haustönn er skráður 91 nemandi í skólann í mismiklu námi. Nokkuð fleiri en áður eru í hlutanámi. Skráningar í skólann voru 117 fyrir önnina en 91 skilaði sér.

#### **2.2 Nemendaígildi**

Skólinn fékk úthlutað 80 nemendaígildum fyrir fjárhagsárið 2011. Á vorönn 2011 voru nýtt 68 nemendaígildi og nú á haustönn eru nemendur skráðir í 79 nemendaígildi. Enn eru því ónýtt nemendaígildi við skólann. Hildur Ösp spurði um möguleika grunnskólanemenda í 10. bekk til að taka áfanga við skólann. Skólameistari gerði grein fyrir að það væri mögulegt í áföngum sem kenndir eru á 1. þrepi, t.d. inngangsáföngum í listum, náttúruvísindum og félagsvísindum.

### **3. Fjárhagsstaða**

Fjárhagsstaða skólans er góð sem stendur. Rekstur er innan marka og allt bendir til að fjárhagsáætlun skólans fyrir þetta ár standist. Færi hefur verið nýtt til að festa kaup á búnaði, t.d. fyrir tónlistarkennslu.

### **4. Starfsmenn**

Auglýst var eftir starfsmanni í 50% starf á starfsbraut. Átta umsóknir bárust. Klara Mist Pálsdóttir var ráðin í starfið á starfstíma skóla.

### **5. Foreldrafélag**

Kjörið var í stjórn Foreldrafélags MTR á kynningarfundum sem haldinn var fyrir foreldra þann 8. september s.l. Í stjórnina voru kjörnir eftirtaldir: Björg Traustadóttir, Guðný Róbertsdóttir, Kristín Bogadóttir, Sigríður Karlsdóttir og Sóley Reynisdóttir. Til vara: Halldóra Elíasdóttir, Helen Meyers og Jónas Bergsteinsson. Stjórnin mun koma saman til fundar í dag, 20. september, og skipta með sér verkum.

### **6. Efnisgjöld fyrir veturinn**

Fyrir liggur tillaga frá fjármálastjóra um að efnisgjöld verði 4000 kr. í myndlist, 2000 kr. í listljósmyndun og inngangi að listum. Tillagan samþykkt.

### **7. Tröllaskagadeilan**

Skólameistari gerði grein fyrir að samkomulag frá fyrra skólaári hafi verið endurnýjað og málið því í farvegi.

### **8. Húsnæði**

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu húsnæðismála. Gert hafði verið ráð fyrir að skólinn fengi norðurálmú skólans til umráða haustið 2012. Í ljós kom að ekki var gert ráð fyrir þessu í fjárlögum

næsta árs. Skólameistari hefur ritað ráðuneyti bréf þar sem farið er fram á að þessu verði komið inn í fjárlög. Viðbrögð úr ráðuneyti hafa verið jákvæð. Viðbótin er 365 m<sup>2</sup>.

#### 9. Þemadagar

Skólameistari gerði grein fyrir að í 3. viku október verði þemadagar. Hugmyndir höfðu verið uppi um að hafa uppbot þessa daga sem ekki gæfi námseiningar. Nú stendur hins vegar til að boðið verði upp á verkefni sem verða einingabær. Þar á meðal verður boðið upp á tónlistarvinnubúðir. Þá verður í boði námskeið um íslenskan sjávarútveg, útivist og hreyfing og hópur mun fara í s.k. Fablab á Sauðárkróki. Þá er enn í athugun hvort ekki verði boðið upp á eitthvað sem ekki verður metið til eininga.

#### 10. Önnur mál

##### 10.1 Fundartími skólanefndar

Fyrir liggur tillaga um að fundað verði kl. 13:00 þriðja þriðjudag í mánuði í nóvember, janúar, mars og maí. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10

Fundargerð ritaði  
Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir